



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Mannauðs- og starfsumhverfissvið

Stofnun ársins 2023

Viðhorfskönnun meðal starfsfólks Reykjavíkurborgar (Stofnun ársins) var lögð fyrir í október og nóvember 2023. Reykjavíkurborg tekur nú í annað sinn þátt í könnuninni Stofnun ársins sem tók við af viðhorfskönnun meðal starfsfólks sem Reykjavíkurborg hafði framkvæmt í 18 ár.

Markmið könnunarinnar er að greina styrkleika og áskoranir í starfsumhverfi og stjórnun starfsstaða starfsfólki til hagsbóta. Könnunin er byggð upp af níu þáttum sem eru; stjórnun, starfsandi, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleiki vinnu, sjálfstæði í starfi, ímynd stofnunar, ánægja og stolt og jafnrétti.

Könnunin Stofnun ársins náði til ríflega 40 þúsund þátttakenda og var heildarsvarhlutfall könnunarinnar um 52%. Könnunin náði til 9.011 starfsmanna Reykjavíkurborgar og alls bárust 5.236 svör og var svarhlutfallið því 58% sem er talsvert betra en árið 2022 en þá var svarhlutfallið 51%. Í töflunni hér að neðan má sjá svarhlutfall eftir sviðum ásamt samanburði við svarhlutfall í síðustu viðhorfskönnun meðal starfsfólks Reykjavíkurborgar.


Tafla 1. Svarhlutfall

| | 2023 | | 2022 |
|--|--------------|--------------|--------------|
| | Svarhlutfall | Fjöldi svara | Svarhlutfall |
| Reykjavíkurborg | 58% | 5236 | 51% |
| Fjármála- og áhættustýringarsvið | 70% | 71 | 71% |
| Mannauðs- og starfsumhverfissvið | 94% | 17 | 94% |
| Menningar- og íþróttasvið | 74% | 325 | 63% |
| Skóla- og frístundasvið | 57% | 2900 | 48% |
| Skrifstofur Ráðhúss (miðlæg stjórnsýsla) | 81% | 68 | 82% |
| Umhverfis- og skipulagssvið | 55% | 227 | 49% |
| Velferðarsvið | 55% | 1467 | 51% |
| Þjónustu- og nýsköpunarsvið | 86% | 161 | 74% |





Mynd 1 sýnir heildarmat ásamt einkunnum þátta í samanburði við einkunnir frá því í fyrra. Eins og sést er hækkun á öllum þáttum frá því í fyrra. Mesta hækkunin er á þættinum sveigjanleiki vinnu en sá þáttur hækkaði um 0,14 stig.



Mynd 1. Meðaltöl allra þátta með samanburði við fyrra ár.

Ef skoðaðar eru spurningar sem mynda þættina hér að ofan þá má sjá á mynd 2 hvaða fimm spurningar eru hæstar og hvaða fimm eru lægstar.


Hæst er spurningin hvort fólki komi vel saman við samstarfsfólk sitt. Svo koma þrjár spurningar er snúa að næsta yfirmanni, þ.e. hvort að fólk geti leitað til næsta yfirmanns, hvort að næsti yfirmaður virði starfsfólks mikils og hvort næsti yfirmaður sé sanngjarn við starfsfólk. Að lokum er það spurning hvort fólk sé ánægt með þann sveigjanleika sem það hefur í vinnunni.

Af fimm lægstu spurningunum snúa þrjár að launum, þ.e. ein hvort fólk telji vinnuveitanda greiða svipuð laun og hægt væri að fá á öðrum stöðum, önnur um ánægju með launakjör og sú þriðja um hvort laun séu ákvörðuð af sanngirni. Að auki er spurning sem snýr að hljóðvist eina af lægstu spurningunum sem og spurning um loftgæði.






Hæstu 5



Lægstu 5



Mynd 2. Hæstu og lægstu spurningarnar hjá Reykjavíkurborg.



Reykjavík




Í töflu 2 má sjá heildareinkunn þátta eftir sviðum óháð því hvort starfsstaður komst á lista eða ekki. Sá þáttur sem kemur best út er ánægja og stolt en lægstur er þátturinn er snýr að launakjörum.

Tafla 2. Heildareinkunn þátta eftir sviðum.

| | FAS | MOS | MÍR | SFS | RHUS | USK | VEL | ÞON | RVK heild |
|------------------------------|------|------|------|------|------|------|------|------|-----------|
| Heildareinkunn | 3,88 | 4,35 | 4,13 | 4,11 | 4,03 | 3,88 | 4,12 | 4,19 | 4,1 |
| Stjórnun | 4,01 | 4,75 | 4,21 | 4,30 | 4,21 | 4,03 | 4,24 | 4,39 | 4,26 |
| Starfsandi | 4,04 | 4,63 | 4,27 | 4,29 | 4,36 | 4,15 | 4,34 | 4,49 | 4,3 |
| Launakjör | 2,90 | 3,65 | 3,22 | 2,99 | 3,15 | 2,97 | 3,33 | 3,35 | 3,11 |
| Vinnuskilyrði | 3,69 | 3,60 | 3,69 | 3,65 | 3,57 | 3,66 | 3,75 | 3,87 | 3,69 |
| Sveigjanleiki í vinnu | 4,36 | 4,49 | 4,25 | 4,20 | 4,27 | 4,18 | 4,18 | 4,57 | 4,21 |
| Sjálfstæði í starfi | 4,04 | 4,62 | 4,25 | 4,21 | 4,20 | 4,12 | 4,21 | 4,24 | 4,23 |
| Ímynd | 3,54 | 3,94 | 4,28 | 4,25 | 3,52 | 3,33 | 4,04 | 3,64 | 4,09 |
| Ánægja og stolt | 3,97 | 4,75 | 4,27 | 4,29 | 4,26 | 3,97 | 4,31 | 4,43 | 4,28 |
| Jafnrétti | 4,15 | 4,46 | 4,44 | 4,45 | 4,39 | 4,28 | 4,38 | 4,46 | 4,42 |

Spurt var út í ánægju með styttingu vinnuvikunnar og var 43% starfsfólks mjög ánægt með styttinguna, 23% frekar ánægt og 16% frekar eða mjög óánægt. Meðaleinkunn spurningarinnar var 3,84 í ár en var 3,80 í fyrra.



■ Mjög ánægð(ur)(t) ■ Frekar ánægð(ur)(t) ■ Hvorki né ■ Frekar óánægð(ur)(t) ■ Mjög óánægð(ur)(t)

Mynd 6. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með verkefnið „betri vinnutími/stytting vinnuvikunnar“?

Virðingarfyllt,
Lóa Birna Birgisdóttir, sviðsstjóri
Mannauðs- og starfsumhverfissvið